

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorp-hirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorpgjald) í Dala-byggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

| | | |
|----|------------------------------------|------------|
| a) | Íbúðir í þéttbýli | kr. 30.640 |
| b) | Aukasorpílát í þéttbýli | kr. 15.260 |
| c) | Íbúðir í dreifbýli og frístundahús | kr. 15.830 |

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

| Flokkur | kr./kg m.vsk. |
|-----------------------------------|---------------------------------|
| Pressanlegur úrgangur | 17,50 |
| Ópressanlegur úrgangur | 26,26 |
| Málað timbur eða plasthúðað | 26,26 |
| Óflokkaðir málmar | 4,39 |
| Blandaður pappír | 19,28 |
| Dagblöð og tímarit | 19,28 |
| Plastumbúðir, harðplast | 17,50 |
| Fatnaður | 17,50 |
| | <i>m³</i> kr. m.vsk. |
| Móttökugjald fyrir einstakan farm | 0,25 920 |
| | 0,50 1.841 |
| | 0,75 2.761 |
| | 1,00 3.682 |

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 m³ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun síns sorps á söfnunarstöðinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 16. desember 2014 staðfestist með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1277/2013.

Búðardal, 17. desember 2014.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.